

2

16. jan.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð ráðuneytinu, að vegna aukinnar dýrtíðar hafi kostnaður við happdrætti Háskóla Íslands hækkað allverulega, en happdrættið megi ekki við rýrnun tekna nú, ef standa á í skilum með sammingsbundnar greiðslur afborgana og vaxta af lánnum til háskólabýggingarinnar og ljúka á verkinu við hana.

Með því að ráðuneytið telur, að brýna nauðsyn beri til að auka tekjur happdrættisins af framangreindum ástæðum, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Tölurnar „60“ og „6“ í b-lið 1. greinar verða: 80 og 8.

2. gr.

Á undan tölunni 5000 í c-lið 1. greinar koma orðin: ekki færri en ...

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. janúar 1941.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

*Jakob Möller.*

3

16. jan.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 5 milljón króna innanríkislán.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur leitt athygli ráðuneytisins að því, að 5½% sterlingspundaláni, sem tekið var í Bretlandi árið 1930 og nú er að eftirstöðvum £ 510400-0-0, megi segja upp í maímánuði n. k. til greiðslu í nóvembermánuði n. k. Eins og nú sé ástatt, eigi hérlendir bankar allmikið fé erlendis, sem þeir fé mjög litla vexti af, og því sé hagkvæmt að greiða fyrrgreint sterlingspundalán að fullu, ef ríkissjóði tekst að afla fjár með betri vaxtakjörum innanlands.

Til þess að hafa nægilegt fé í ríkissjóði þegar greiða á fyrrgreint lán, ef því verður sagt upp, telur ráðherrann, að ráðlegt sé að taka nú þegar 5 milljón króna lán innanlands.

Með því að ráðuneytið telur brýna nauðsyn bera til, að heimild fáist til lántöku fyrir ríkissjóð innanlands í ofanefndu skyni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög samkv. 23. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið: